

FRAMBODSLISTI A

Stjórn:

Formaður :Berglind Hafsteinsdóttir
(Icelandair)

Varaformaður: Orri Þrastarson
(WOW air)

Gjaldkeri: Guðlaug Líney
Jóhannsdóttir (Icelandair)

Ritari: Tómas Þór Ellertsson
(Icelandair)

Meðstjórnandi: Dagný Björk
Erlingsdóttir (WOWair)

Meðstjórnandi: Berglind
Kristófersdóttir (Flugfélag Íslands)

Meðstjórnandi: Guðbjörg Lísa
Gunnarsdóttir (Icelandair)

Varastjórn: Erla Pálsdóttir (WOW air)

Varastjórn: Sigríður Ásta Árnadóttir
(Icelandair)

Trúnaðarráð:

Agnes Eir Önundardóttir (Icelandair)

Ásdís Anna Sverrisdóttir (Icelandair)

Bríet Ósk Guðrúnardóttir (WOW air)

Carmen Maja Valencia (WOW air)

Elísabet Hákonardóttir (Icelandair)

Eyrún Björk Jóhannsdóttir (Flugfélag
Íslands)

Hallgerður Ragnarsdóttir (WOW air)

Ingibjörg Sesselja Björnsdóttir (WOW
air)

Ingileif Jóhannesdóttir (Icelandair)

Ingunn Kristín Ólafsdóttir (Icelandair)

Kristín Friðriksdóttir (Icelandair)

Kristín Thoroddsen (Icelandair)

Magnea Ólafsdóttir (Icelandair)

Margrét Sturlaugsdóttir (Icelandair)

Una Dögg Guðmundsdóttir (WOW air)

Póra Sigríður guðmundsdóttir
(Flugfélag Íslands)

STEFNUSKRÁ OKKAR

Framboðslisti A

Aðalfundur Flugfreyjufélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 2. maí næstkomandi og þá verður kosið um nýja stórn sem mun taka við starfsemi FFÍ næstu 2. árin. Meginverkefni stjórnar er í okkar síbreytilega umhverfi að standa vörð um hagsmuni félagsmanna og beita sér fyrir bættum starfsháttum og bættum kjörum. Ég, Berglind Hafsteinsdóttir (Icelandair) býð mig fram til formanns og Orri Þrastarson (WOW air) sem varaformann. Listi okkar samanstendur af einstaklingum með gífurlega reynslu af störfum í þágu FFÍ. Einnig er víðtæk og góð menntun innan hópsins, metnaður og mikill áhugi fyrir því að takast á við þau krefjandi verkefni sem framundan eru hjá féluginu. Við munum kappkosta að halda áfram því góða starfi sem unnið hefur verið á vegum félagsins til þessa og bæta það í samræmi við síauknar kröfur. Við sækjumst því eftir ykkar umboði til þess að við getum ljáð féluginu starfskrafta okkar. Í okkar starfsstétt er stéttarfélagið okkar gífurlega mikilvægt og vegur þyngra með hverju árinu. Þess vegna er mikilvægt að þekking og reynsla sé við stjórnvölin.

Hér eru helstu málefni sem við munum leggja áherslu á:

Starfsemi skrifstofu

- Endurskipulagning á starfsemi skrifstofu.
- Ráða 1-2 einstaklingina eftir að hafa farið í þarfagreiningu á starfseminni.
- Reglulegt endurmat á á þörfum og þjónustu til félagsmanna til að fjármunum félagsins verði sem best varið.

Kjaramál

- Fyrirhugað er að taka kjarasamninga FFÍ til gagngerrrar skoðunar með tilliti til þess hvað betur má fara við gerð næstu kjarasamninga.
- Leitast við að tryggja og bæta kaup, kjör og fríðindi félagsmanna.
- Hækkun grunnlaura.
- Standa vörð um flugliðastarfið og beita okkur gegn félagslegu undirboði á markaði.
- Tryggja að félagsmenn sem og atvinnurekendur virði gerða kjarasamninga í hvívetna.

Lagabreytingar

- Breyta lögum FFÍ þannig að kjör aðila í trúnaðarráði og annarra lögskipaðra nefndarmanna verði einstaklingskjör.

Nefndir

- Auka virkni nefnda innan félagsins og nýta nefndarmenn betur í að upplýsa félagsmenn, sem og að miðla upplýsingum til stjórnar.

Upplýsingamiðlun

- Reglulegir upplýsinga- og fræðslufundir er viðkoma starfi FFÍ, kynningar á málefnum kjarasamnings, hvernig á að lesa út úr launaseðlum, hvíldartímaákvæði, hvernig á að reikna flugtímahámörk o.fl.
- Auka upplýsingaflæði til félagsmanna í rafrænu formi í samræmi við nútímovæðingu tíðarandans, t.d. með því að streyma upplýsingafundum.
- Betrumbæta fyrirspurnarform frá félagsmönnum til stéttarfélagsins.
- Kanna reglulega yfir kjörtímabilið ánægjustig félagsmanna hvað varðar starfsemina.

Erlent samstarf

- Halda áfram góðu samstarfi við NTF & ETF og fylgjast með þróun mála á erlendum vettvangi.
- Nýta erlent samstarf til að miðla upplýsingum og fræðslu til félagsmanna (t.d. FTL reglugerðin).
- Beita okkur fyrir því að sett verði vinnulöggjöf um starfstéttina okkar sem samsvarar lögum um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum.
- Beita okkur enn frekar innan ASÍ og halda áfram góðu samstarfi.

Starfslokamál

- Halda áfram að vinna að sveigjanlegum starfslokum félagsmanna.
- Halda betur utan um starfslokahópa t.d. með fræðslu og kveðjuhófi.

Nýliðar

- Stuðla að markvissri og góðri fræðslu á stéttarfélagsmálum og kynna kjarasamninginn og helstu reglur vel fyrir þeim.